

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2009


Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti (greiðsluaðlögun), 281. mál.

Vísað er til bréfs nefndarritara, þar sem Bandalagi háskólamanna er gefinn kostur á að gefa álit sitt á lagafrumvarpi um greiðsluaðlögun.

BHM er mjög fylgjandi þeim breytingum sem fram koma í frumvarpinu og telur það jákvætt innlegg í vaxandi fjárhagsvanda heimilanna auk þess að færa lagaumhverfi einstaklinga í greiðsluerfiðleikum í betra horf og nær því sem gerist á Norðurlöndunum.

BHM vill þó gera athugasemd við ákvæði til bráðabirgða. Í fyrsta lagi felst óásættanleg mismunun í því að eingöngu veðkröfur í eigu sjóða eða fyrirtækja ríkisins skuli falla undir greiðsluaðlögun og brýtur væntanlega í bága við 65. grein stjórnarskrárinnar. Fjöldi fólks er með sín veðlán hjá sparisjóðum eða fyrirtækjum í þeirra eigu (s.s. Frjálsi Fjárfestingabankinn) og jafnframt eru lífeyrissjóðir landsins stórir lánveitendur til húsnæðiskaupa. Ekki verður við það unað að einstaklingum sé mismunað eftir því hvar þeir hafa valið að fjármagna húsnæðis kaup sín. Í öðru lagi er gerð alvarleg athugasemd við það að ákvæðið skuli vera tímabundið. Ljóst er að núverandi efnahagslægð á eftir að standa töluvert lengi og greiðsluerfiðleikar koma ekki sist í ljós í lok krepputímabils og í upphafi þess að efnahagslífið fer að taka við sér. Að mati BHM á í þessu tilfelli að setja lög til framtíðar en ekki tjalda til skamms tíma.

Einnig vill BHM benda á að aðstæður á Íslandi eru enn að mörgu leyti ólíkar því sem gerist á Norðurlöndunum hvað varðar ábyrgð þriðja manns. Ábyrgðarmannakerfið er enn mjög útbreitt og má þar sem dæmi taka að ábyrgðarmenn á námslánnum munu vera hátt í 50.000. Samkvæmt þessum lögum er það afdráttarlaust að þó að skuldari fái greiðsluaðlögun getur kröfuhafi gengið að því sem eftir er gefið hjá ábyrgðarmanni/ábyrgðarmönnum. Gildi þessara laga er því takmarkað að þessu leyti.

Virðingarfyllst,

Stefán Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri BHM